



Fundur háskólaráðs 28. apríl 2005

Fundargerð

Málsnúmer: HI05010007

Málalýklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Kolbrún Einarsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 26.04.2005

Dags: 28.04.2005

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4000; 525 4300

Fax: 552 1331

07/2005

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2005, fimmtudaginn 28. apríl var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 14.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, Rögnvaldur Ólafsson, Jóhannes R. Sveinsson, Jón Ó. Skarphéðinsson, Bryndís Harðardóttir, Eiríkur Tómasson, Vilhjálmur Árnason, Inga Jóna Þórðardóttir, Anna Pála Sverrisdóttir og Matthías Imsland.

1. Mál á dagskrá

1.1 Háskóli Íslands. Stjórnsýsluúttekt, Ríkisendurskoðun, apríl 2005.

Áður en gengið var til dagskrár bauð rektor Kristínu Ingólfssdóttur, verðandi rektor Háskóla Íslands, velkomna sem gest fundarins.

Rektor greindi frá helstu atriðum í skýrslu Ríkisendurskoðunar um Háskóla Íslands og brýnustu verkefni í kjölfar hennar. Í máli rektors kom m.a. fram að niðurstöður Ríkisendurskoðunar séu í meginatriðum mjög jákvæðar fyrir Háskólann. Á grundvelli skýrslunnar þurfi á næstunni að móta stefnu Háskólans, inn á við og út á við, til næstu fimm ára undir forystu verðandi rektors Háskólans. Anna Pála Sverrisdóttir, fulltrúi stúdenta, las upp ályktun Stúdentaráðs í kjölfar úkomu skýrslu Ríkisendurskoðunar, dags. 24. apríl sl. Lýstu ráðsmenn ánægju sinni með skjót og góð viðbrögð stúdenta.

Málið var rætt ítarlega. Í umræðunni var m.a. komið inn á tengsl rektors og deildarforseta, ábyrgð deildarforseta og val á þeim, skólagjöld og heimild Háskólans til að auka tekjur, gæði kennslu og rannsókna, fækkun deilda og síðast en ekki síst, nauðsyn þess að ríkisvaldið hækki fjárveitingar til Háskóla Íslands svo þær verði sambærilegar og til norrænna háskóla. Í lok umræðunnar þakkaði rektor þeim starfsmönnum stjórnsýslu Háskólans sem aðstoðað hafa Ríkisendurskoðun við útvegum upplýsinga og gagna.

Inn á fundinn komu forsetar allra háskóladeilda og bauð rektor þá velkomna. Umræðunni var áfram haldið og að henni lokinni samþykkti háskólaráð og deildarforsetar einóma svohljóðandi ályktun:

Menntamálaráðherra óskaði eftir því við Ríkisendurskoðun 12. febrúar 2004 að gerð yrði stjórnsýslu- og fjárhagsúttekt á Háskóla Íslands. Tílefnið var mikil uppbygging háskólastarfsemi í landinu og var Ríkisendurskoðun falið að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár og hvort hagkvæmni og skilvirkni væri gætt í rekstri Háskóla Íslands. Skýrsla Ríkisendurskoðunar var birt 20. apríl sl.

Í skýrslunni kemur fram að rekstrarkostnaður Háskóla Íslands er lægri en í sambærilegum háskólum í nágrannalöndum. Þó svo að fé til rannsókna hafi nánast staðið í stað hafa afköst í rannsóknum aukist. Háskóli Íslands hefur náð ágætum árangri á mörgum sviðum, fjöldi útskrifaðra nemenda í grunn- og meistaranámi er mikill, doktorsnemum hefur fjölgað og er rannsóknvirkni íslenskra vísindamanna tiltölulega há. Skýrslan leiðir ótvírætt í ljós að við meðferð og nýtingu ríkisfjár er gætt hagkvæmni og skilvirkni í rekstri Háskólans.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar sýnir einnig að einkar mikilvægt er að sérstaða Háskóla Íslands sem alhliða háskóla í alþjóðlegri samkeppni sé viðurkennd. Standa verður vörð um rannsóknahlutverk skólans og efla verður og styrkja rannsóknastarf hans til að gera honum kleift að gegna áfram hlutverki sínu sem mikilvægasta menntastofnun þjóðarinnar.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er gerður samanburður á sex norrænum háskólum. Að meðaltali eru tekjur á skráðan nemanda 90% hærrí í hinum norrænu skólunum en í Háskóla Íslands, þrátt fyrir að hlutfall annarra tekna en ríkisframlaga sé tiltölulega hátt hjá Háskólanum í samanburði við norrænu háskólana.

Háskólastarf er reist á ákveðnum viðmiðunum um gæði í kennslu og rannsóknum. Það er mat háskólaráðs og deildarforseta að til þess að Háskólinn geti áfram staðið undir þeim kröfum og væntingum sem þjóðfélagið gerir til hans, verði ekki gengið lengra í aðhaldi og sparnaði.

Til þess að fé til rannsókna í Háskóla Íslands verði sambærilegt við rannsóknafé norrænu háskólanna þyrfti fjárveiting til rannsókna að minnsta kosti að tvöfaldast. Fjárveiting til kennslu er einnig lág í samanburði við hliðstæða erlenda háskóla og hefur Háskóli Íslands bent á að framlög ríkisins vegna nemenda hafi ekki hækkað í takt við kostnaðarhækkanir.

Í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar hefur menntamálaráðherra lýst því yfir að efla þurfi háskólamenntun í landinu með Háskóla Íslands í fararbroddi. Um leið og tekið er undir þessi ummæli ráðherra verður að ætlast til þess að stjórnvöld hækki fjárveitingar til Háskóla Íslands svo þær verði sambærilegar við fjárveitingar til norrænna háskóla.“

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 16.00